

Ár 2016, miðvikudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Barnaverndarstofu

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Barnaverndarstofu er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóranum laun.

II.

Kjararáði barst 19. júní 2015 bréf frá forstjóra Barnaverndarstofu. Í bréfinu óskar forstjórinn eftir endurskoðun launakjara. Fram kemur að starfsemi Barnaverndarstofu hafi tekið miklum breytingum á undanförunum árum sem feli í sér ný viðfangsefni, verulega fjölgun starfsmanna og aukin rekstrarumsvif. Breytingar á lögum hafi fest Barnaverndarstofu í sessi sem sjálfstæða stjórnáskrifstofnun og málsmeðferðarreglur gerðar ítarlegri. Launakjör forstjóra geti varla talist í samræmi við stjórnáskrifstofnu og stjórnendaálag að teknu tilliti til þjónustu- og rekstrarumsvifa ásamt starfsmannafjölda stofnunarinnar. Starfsmenn séu nú um 90 talsins og sé um helmingur þeirra háskólamenntaðir sérfræðingar. Starfsmannafjöldi hafi aukist um helming á undanförunum sex árum. Þá séu starfsstöðvar alls sex fyrir utan þjónustusamninga við einkaaðila vegna reksturs þriggja stofnana á landsbyggðinni. Rekstrarumfang stofnunarinnar nemi nú á milli 1,2 og 1,3 milljörðum króna á ári.

Í bréfi forstjórans segir að meginverkefni Barnaverndarstofu sé að annast stjórnáskrif barnaverndarmála ásamt því að annast sértæka þjónustu á landsvísu sem barnaverndarnefndir sveitarfélaganna þurfi á að halda fyrir skjólstæðinga sína. Stofnunin hafi frá upphafi verið í stöðugri þróun og starfsemi hennar orðið umfangsmeiri og fjölbættari. Í bréfinu eru raktar breytingar sem orðið hafa á starfsemi Barnaverndarstofu. Fram kemur að í kjölfar breytinga á barnaverndarlögum árið 2011 hafi stjórnáskrifstofnu á málaflokknum aukist og er í því sambandi vísað til skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2015 um stöðu barnaverndarmála á Íslandi. Þá segir að með lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og breytingu á lögum um fullnustu refsinga í mars 2013 hafi Barnaverndarstofu verið falið að annast vistun fanga undir 18 ára aldri auk þess sem lögfestingin hafi haft víðtæk áhrif á faglegt starf í barnavernd. Einnig nefnir forstjórinn í bréfinu innleiðingu nokkurra aðferða í barnaverndarstarfi. Um sé að ræða aðferðir sem þróaðar hafi verið með rannsóknum, framkvæmdar af háskólamenntuðum sérfræðingum sem hlotið hafi sérstaka þjálfun við beitingu þeirra og líti sérstöku gæðaeftirliti. Megi þar til dæmis nefna svokallaða fjölkerfameðferð (MST), sem sé meðferðarkerfi fyrir börn og fjölskyldu, veitt af teyllum sérfræðingum í nærumhverfi barns með mögulegu inngripi allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Markmið meðferðarinnar sé að varna aðskilnaði unglings og fjölskyldu en eftirspurn eftir þessari þjónustu hafi dregið verulega úr stofnanavistun svo segja megi að MST sé nú orðið ráðandi meðferðarform. Meðferðarkerfið sé þróað í Bandaríkjunum og annist hinir erlendu aðilar gæðaeftirlit með starfinu. Önnur slík aðferð sé foreldrafærniþjálfun (PMTO), einnig ættuð frá Bandaríkjunum og ætluð yngri aldurshópnum. Barnaverndarstofa hafi tekið við verkefninu af Hafnarfjarðarbæ árið 2013 og vinni nú að innleiðingu þess á landsvísu með þjálfun meðferðaraðila úr heilbrigðis-, skóla- og félagsþjónustu. Í bréfinu eru nefnd fleiri dæmi um slíkar aðferðir.

Í bréfi forstjórans kemur fram að þjónustusamningum við einkaaðila um rekstur meðferðarstofnana hafi fækkað en í kjölfarið hafi umönnunarpörf þeirra barna sem njóti meðferðar aukist verulega. Þetta hafi kallað á breytt rekstrarform og aukna fagþjónustu. Þannig hafi Barnaverndarstofa tekið við rekstri meðferðarheimilisins að Lækjarbakka í Rangárvallasýslu ásamt því að gerðir voru samningar við Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) og sjálfstætt starfandi barnageðlækni um læknis- og hjúkrunarþjónustu. Þá hafi ný deildaskipt neyðarvist verið opnuð á

meðferðarstöð ríkisins á Stuðlum og stofnunin eflað verulega meðal annars með fjölgun sérhæfðs starfsfólks.

Í bréfinu er einnig gerð grein fyrir starfsemi Barnahúss, þverfaglegs samstarfsvettvangs ólíkra stofnana (réttarvörslukerfis, heilbrigðisþjónustu og barnaverndar). Barnahús annist rannsóknarviðtöl vegna meintra kynferðisbrota gegn börnum, framkvæmi læknisskoðanir og veiti þolendum sértæka áfallameðferð. Starfsemin hafi verið eflað verulega með fjölgun sérfræðinga og flutnings í stærra húsnæði. Jafnframt hafi þjónusta hússins aukist með því að veita börnum sem orðið hafi fyrir áföllum af fleiri ástæðum, til dæmis líkamlegu ofbeldi og/eða heimilisofbeldi, sérhæfða þjónustu.

Þá hafi erlend samskipti aukist gríðarlega á undanförunum áratug, ekki síst þar sem íslenska barnahúsið hafi orðið fyrirmynd annarra ríkja og hafi Barnaverndarstofa veitt liðsinni sitt við að koma mörgum þeirra á fót. Nú séu starfrækt barnahús víða á Norðurlöndunum og fleiri séu nú í undirbúningi annars staðar í Evrópu.

Með bréfum dagsettum 26. júní 2015 var velferðarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Velferðarráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 3. júlí 2015. Í bréfinu segir að umfang starfsemi Barnaverndarstofu hafi aukist verulega á undanförunum árum sem endurspeglar meðal annars í mikilli fjölgun starfsmanna. Ráðuneytið telji því rétt að kjararáð taki launakjör forstjórans til endurskoðunar þannig að hann njóti sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn sem undir kjararáð heyrir að teknu tilliti til umfangs, starfsálags og ábyrgðar sem störfunum fylgi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 10. júlí 2015. Í bréfinu segir að samkvæmt bréfi forstjóra Barnaverndarstofu hafi ýmsar breytingar átt sér stað á starfsemi stofnunarinnar frá því síðast var úrskurðað um laun forstjóra hennar. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör hans.

Með bréfi dagsettu 14. júlí 2015 fékk forstjórinn send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Í bréfi forstjórans dagsettu 21. júlí 2015 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna.

II.

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum er gerð grein fyrir starfsemi Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra, sem skipar forstjóra, og annast hún stjórnslu á því sviði sem löggin ná til. Stofnunin skal samhæfa og efla barnaverndarstarf og vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum, hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf á sviði barnaverndar, hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga, fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir og eftirlit með störfum þeirra. Barnaverndarstofa annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana sem taka á móti börnum í bráðatilvikum, greina vanda þeirra og veita þeim sérhæfða meðferð. Barnaverndarstofa fer með yfirstjórn slíkra heimila og stofnana en getur falið öðrum rekstur þeirra á grundvelli þjónustusamnings. Hún hefur ennfremur yfirmisjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, tekur ákvarðanir í fósturmálum og veitir barnaverndarnefndum liðsinni þar að lútandi. Samkvæmt lögum nr. 15/2016 um fullnustu refsinga skulu fangar sem eru undir 18 ára aldri vistaðir á vegum barnaverndaryfirvalda.

III.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærra en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til

meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstjóra Barnaverndarstofu laun 30. nóvember 2006. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Hér að framan er greint frá starfsemi Barnaverndarstofu og því hvernig starfsemi hennar hefur þróast og aukist að umfangi. Með vísan til þessa og að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið hefur kjararáð ákveðið að breyta launum forstjórans.

Með hliðsjón af framangreindu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjóra Barnaverndarstofu skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

IV.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2015 skulu mánaðarlaun forstjóra Barnaverndarstofu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 925.826 krónur. Að auki skal greiða honum 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun forstjóra Barnaverndarstofu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 1. janúar til 30. nóvember 2015 er eining 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, síðast 7.818 krónur. Frá 1. desember 2015 er eining 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Barnaverndarstofu gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber